

Nd. **475. Frumvarp til laga** [179. mál]
um Landsbanka Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd., 10. marz.)

Samhljóða þskj. 314 með þessari breytingu:

9. gr. hljóðar svo:

Bankaráð skipa fimm menn, kosnir hlutbundinni kosningu af Alþingi til fjögurra ára í senn ásamt jafnmörgum til vara. Ráðherra skipar einn hinna kjörnu aðalmanna formann bankaráðs til fjögurra ára, en annan varaformann.

Bankaráðsmenn eða varamenn þeirra skulu vera búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sé auðvelt að sækja bankaráðsfundi hvenær sem er.

Varamaður tekur laun í stað aðalmanns þann tíma, er hann starfar í banka-
ráðinu.